



**Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Reynis.
Haldinn fimmtudaginn 26. nóvember 2009 í Reynisheimilinu Stafnesvegi.**

Fundinn sátu: Ólafur Þór Ólafsson, Árni Sigurpálsson, Guðjón Bragason, Sigurpáll Árnason, Sveinn H. Gíslason, Jón B. Sigursveinsson, Tyrfingur Andrésón, Guðmundur Markússon, Bylgja Baldursdóttir, Magni Jóhannsson, Ómar Svavarsson, Guðmundur Skúlason, Ásgrímur Sigurjónsson og Einar Örn Ágústson.

1. Fundur settur kl. 20:15, Tyrfingur Andrésón, formaður setti fundinn.
2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd: Tillaga kom fram um eftirtalda: Ólafur Þór Ólafsson, Jón B. Sigursveinsson, Tyrfingur Andrésón. Tillagan var samþykkt. Kjörbréfanefnd safnaði saman kjörbréfum.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar frá 8. janúar 2008 lesin og samþykkt samhljóða.
4. Kjörbréfanefnd fór yfir yfir kjörbréf og niðurstaðan er sú að 12 atkvæðisbærir fulltrúar sitja fundinn.
5. Kosning fundarstjóra. Ólafur Þór Ólafsson er réttkjörinn fundarstjóri og tók hann við stjórn fundarins.
6. Kosning fundarritara. Bylgja Baldursdóttir er réttkjörin fundarritari.
7. Formaður Tyrfingur Andrésón fór yfir ársskýrslu félagsins. Tyrfingur tók við sem formaður í júní 2008. Fram kom að mikill vöxur er í starfi félagsins og eru þar þrjár deildir við störf, þ.e. knattspyrnu-, sund- og körfuboltadeild.

Fram kom að formaður hyggst gefa kost á sér til endurkjörs Fundarstjóri þakkað formanni greinargóða ársskýrslu.
8. Reikningar frá 01. 10. 2007- 30.09.2008, og félagsins voru lagðir fram. Árni Sigurpálsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningunum. Fram kom að tekjur umfram gjöld reyndust vera kr. 289.364,-. Skuldir félagsins reyndust vera kr. 1.685.780,-. Eignir félagsins reyndust vera kr. 65.389.187,-.
Reikningar frá 01.10.2008-30.09.2009 voru einnig lagðar fram. Árni Sigurpálsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningunum. Fram kom að tekjur umfram skuldir 604.621,-. Skuldir félagsins reyndust vera kr. 1.526.414,-. Eignir félagsins reyndust vera kr. 77.206.843,-.
Fundarstjóri þakkaði gjaldkera vel fram sett reikningsuppgjör.
9. Umræður um ársskýrslu. Ársskýrsla var samþykkt samhljóða.



Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Reynis 2009

10. Umræður um reikninga félagsins. Reikningar samþykktir samhljóða.
11. Reikningar fastra nefnda lagðir fram. Ekkert lagt fram varðandi þennan lið.
12. Lagabreytingar. Lögð var fram eftirfarandi Lagabreytingartillaga.

7. liður 18. Greinar laganna breytist og verði svona:

- a. *Kosinn formaður.*
- b. *Kosinn varaformaður.*
- c. *Kosinn gjaldkeri.*
- d. *Kosinn ritari.*
- e. **kostnir einn eða þrjú meðstjórnendur**
- f. *Kostnir þrjú meðstjórnendur.*

2. mgr. 21. greinar laganna breytist og verði svona:

*Stjórn knattspyrnudeilar skal skipuð **fimm eða sjö** mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara, kostunum sérstaklega á aðalfundi deildarinnar og **einn eða þrjú** meðstjórnendur einnig kjörnum á aðalfundi (sbr. 18. Gr. Lið 7).*

Lagabreytingartillaga var samþykkt einróma.

13. Kosning formanns. Tyrfingur Andrésson gaf kost á sér og engar tilnefningar bárust á móti honum. Tillaga var samþykkt samhljóða.
14. Kosning tveggja meðstjórnenda. Tillaga kom fram um Árna Sgurpálsson og Jón B. Sigursveinsson og voru þeir kjörnir með lófataki.
15. Fundarstjóri gerði hlé á fundinum.
16. Kosning tveggja varamanna í stjórn. Tillaga kom fram um Bergnýu Jónu Sævarsdóttur og Braga Jónsson. Voru þau kjörin samhljóða.
17. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Tillaga kom fram um Pétur Brynjarsson og Guðjón Þ. Kristjánsson sem aðalskoðunarmenn og Guðmund Fannar Sigurbjörnsson og Helgu Hrönn Ólafsdóttur til vara. Var tillagan samþykkt.
18. Kosning þriggja manna herbergisnefndar vegna Samkomuhúss. Ekkert lagt fram varðandi þennan lið.
19. Önnur mál.
Ekkert kom fram sem önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 21:15.
Bylgja Baldursdóttir fundarritari.